

18. stjórnarfundur Leiknar, mánudaginn 14. janúar 2008, kl. 10.30-11.45.
Haldinn í húsnæði Fræðslumiðstöðvar atvinnulífsins að Skeifunni 8 í Reykjavík.

Mætt: Smári Haraldsson, Hulda Ólafsdóttir, Hildur Elín Vignir, Guðjónína Sæmundsdóttir, Ingibjörg E. Guðmundsdóttir og Emil Björnsson. Björg Árnadóttir boðaði forföll.

Dagskrá

1. Fundargerðir síðustu funda. Undirritaðar voru fundargerðir 16. og 17. fundar.
2. Samráðsfundur fullorðinsfræðslusamtaka á Norðurlöndum. Emil Björnsson sótti norræna samstarfsfundinn í Stokkhólmi 25.-26. Október s.l.. Hann kynnti skýrslu frá Íslandi, sem var vönduð og okkur til sóma. Sérstaka athygli Emils vakti hversu breið þessi samtök eru á Norðurlöndunum, bæði með þátttöku pólitískra flokka og ýmissa annarra. Mikið var rætt um fjármögnun á þessum fundi og mikil hagsmunabaráttá í gangi. Símenntunardagar höfðu tekist mjög vel hjá Norðmönnum. Danir eru mikið að hugsa um samfélagsmál og að ná til innflytjenda og brúa bil sem myndaðist milli múslima og annarra í kjölfar teikningamálsins. Danir eru einnig uppteknir af hlýnun jarðar og umhverfismálum í heild sinni. Svíar eru mest að huga að gæðakerfi í fullorðinsfræðslu og hyggjast halda ráðstefnu bráðlega. Átök eru um fjármagn og stefnu í fjármögnun fullorðinsfræðslu. Finnar eru með þróað fullorðinsfræðslukerfi, með 54% þátttöku á ársgrundvelli og stefna á 60%. Næsti fundur í Osló um miðjan febrúar. Í framhaldi af kynningu Emils urðu umræður um möguleika á að halda námskeið í ýmsum samfélagsmálum. Hulda benti á norrænt rit um umhverfismál sem væri gaman að finna flöt á. Smári stakk upp á að halda málþing um umhverfismál og fullorðinsfræðslu. Fundarmönnum leist vel á hugmyndina. Stefnt verður að því að halda málþingið í tengslum við aðalfund og reyna að ná samvinnu við umhverfisráðuneytið. Smári og Hulda annast undirbúning ásamt Önnu Guðrúnu.
3. Næsti samráðsfundur fullorðinsfræðslusamtaka á Norðurlöndum. Fundurinn verður í Osló 14. og 15. febrúar 2008. Smári lagði til að hann færi ásamt Önnu Guðrúnu, starfsmanni Leiknar. Fræðslumiðstöð Vestfjarða býðst til að kosta þessa ferð. Tillagan var samþykkt.
4. Ráðstefnan Leiknar í haust, í Norræna húsinu. Unnið er að uppgjöri ráðstefnunnar. Endanlegt uppgjör liggur ekki fyrir, en líkur á að reikningar rati til réttara aðila. Stjórnarmenn voru sammála um að það olli vonbrigðum hve mæting af hálfu Leiknar var léleg. Umræður urðu um hvernig hægt væri að fá aðildarfélögin til að mæta á fundina. Málefnið skipta máli, að þau brenni á mönnum. Einnig skiptir máli að fundartími sé heppilegur og ekki aðrir fundir á sama tíma, en það gerðist einmitt í þessu tilfelli. Mikilvægt að hringja í félagsaðila fyrir fundi eða ráðstefnur. Hildur benti á að hugsanlega væri of mikið að hafa tvö samtök á sama sviði, þ.e. bæði KVASI og Leikn.
5. Önnur mál. Engin önnur mál voru tekin fyrir.

Fleira var ekki gert og fundi var slitið kl. 11.45.
Ingibjörg Elsa ritaði fundargerð.